*Sent á Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar.*

Dags.03.05.2018

**Efni: Eftirfylgni vegna ónæðis tímajöfnunarstöðvar Strætó BS við Klukkuvelli**

Ágætu nefndarmenn og nenfdarkonur í Umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðar.

Við þökkum ágætt svar sem barst okkur íbúum við Klukkuvelli hinn 13.12.´17 vegna erindis okkar til nefndarinnar dags.28.11 er varðaði ónæði vegna tímajöfnunarstöðvar við Klukkuvelli.

Í svari sem barst íbúum er vísað í endurskoðun á leið 1 sem ljúka átti í janúarlok 2018. Nú, 3. maí, er sama ónæðið til staðar með tilheyrandi truflun á svefnfriði íbúa sem eru orðnir langþreyttir á þessu ástandi.

Fyrir hönd íbúa við Klukkuvelli ítrekar undirritaður eindið svo að þetta ástand verði lagað sem allra fyrst og óskar jafnframt eftir upplýsinum um hvar málið er statt og hvort að það sé í einhvers konar farvegi.

Virðingarfyllst,
F.h. íbúa við Klukkuvelli
Brynjar Þór Þorsteinsson, Klukkuvöllum 38b

*Svar óskast sent á Klukkuvelli 38b og netfangið brynjar15@gmail.com*